# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 b, örk 62

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Bréf 31/1 '11
Nr. 1

# Eptirrit
## af fundargjörð byggingarnefndarinnar

Ár 1911, þriðjudaginn 3. jan. var fundur haldinn í byggingarnefndinni og komu þá fyrir þessi málefni:

1. Th. Thorsteinsson, kaupm. leyft að byggja viðbót við fiskgeymsluhús sitt á Kirkjusandi 10° x 25° að stærð.–
2. Lárusi uppgjafapresti Benediktssyni leyft að breyta sölubúð við hús hans, Laugaveg 57 í íbúð, með því skilyrði, að breytingin verði gjörð þannig, að ákvæðum byggingarsamþykktarinnar verði fullnægt. Við húsið verður byggður skúr 3° x 2½° og salerni 1¾° x 1½°.–
3. Guðríði J. Jónsdóttur leyft að setja kvist á suðurhlið geymsluhúss þess, Laugaveg 33, er leyft var á síðasta fundi. (10. f.m.).
4. Viðvíkjandi flutning á geymsluhúsi B. H. Bjarnasonar, kaupm. út að Vallarstræti (sbr. síðasta fund nefndarinnar), hafði nefndin athugað breidd götunnar og reyndist hún 10 álnir frá húsi Björns Símonarsonar. Ákvað nefndin að láta það hús ráða götulínunni að sunnan og endurtekur því tillögu sína um að B. H. Bjarnasyni verði synjað um hinn umrædda flutning á geymsluhúsinu fram í götuna.

Fundi slitið

Páll Einarsson Jón Jensson

Kr. Gunnarsson Sig. Thoroddsen

G. Olsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Th. Thorsteinsson.

Post Box A. 7.

Telegramadr.: Thorstein.

Reykjavik, þ. 23 desemb 1910

Iceland.

Sökum þess að fiskgeymsluhús mitt á Kirkjusandi, er orðið mjer ónógt, leyfi jeg mjer að fara fram á við hina háttvirtu bygginganefnd, að mjer verði leyft að stækka það um 10 × 25 álnir, eins og medfylgjandi grunnflatar uppdráttur sýnir.

Virðingarfyllst
Th. Thorsteinsson

Til byggingarnefndar Reykjavíkur.

B. Rvk. 5/1 1911 B.V 1

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð leifi eg mjer undirskrifaður að biðja hina háttvirtu byggingarnefnd Reykjavíkur leifis að breita sölubúð við hús mitt á Laugaveg Nr 57. í Íbúð með því fyrirkomulagi og þeim breytingum sem meðlögð tekning sínir

Virðingarfyllst

Reykjavík 15 Desember 1910

Lárus Benediktsson

Þingh. str. 26.

Til

Byggingarnefndarinnar

í Reykjavík

B. Rvk. 52/1911 B.V.I.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hér með bið ég hina Háttvirtu Byggingarnefnd Reykjavíkur að leifa mér að setja kvist á suðurhlið þakk hús þess sem ég Byggi á Lóð minni Laugaveg 33. og ennfremur skorsteins leinsog með-fylgjandi Teikning sínir

Reykjavík 2 Januar 1911
Guðríður J. Jónsdóttir

B. Rvk. 53/1911 Bg. 1

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur




Brynjólfr Bjarnason.

B. Rok. 54/1911 B.J. i

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**B. H. BJARNASON.**

Telegraphic Address »BRYN«, Reykjavík.
A. B. C. Code 5th Edition.

Reykjavík, þ. 10. desember 1910.
Aðalstræti 7.

Hér með óska eg leyfis hinnar háttvirtu byggingarnefndar til að mega setja 3 álna djúpann kjallara undir pakkhús mitt við Vallarstrætið bæta 3 1/2 ál. hárri lophæð ofan á það og enn fremur að flytja það um 1 1/2 al. til norðurs, útí götulínuna.

Uppdráttur af pakkhúsinu og lóðinni fylgir hér með.

Virðingarfylst

B H Bjarnason

Til

Byggingarnefndar Reykjavíkur.

B. Rvk. – 54/1911 By. I

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur